

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
1205008 HS
Mótt: - 4 MAI 2012
Bri: 26.03 Áb: Bp


## Grænt bókhald 2011

Stjórn Reykjarðs hf staðfestir hér með að allar upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu eru réttar og lagðar fram eftir okkar bestu vitund. Upplýsingarnar eiga að gefa gott yfirlit yfir starfsemi okkar á Ásmundarstöðum og Ásheimum.

Þessi skýrsla inniheldur grænt bókhald og hefur verið gerð með hliðsjón af reglugerð nr. 851/2002.

Reykjavík, 30. apríl 2012

F.h. stjórnar Reykjarðs hf





## Almennt um Reykjagarður hf

### Almennar um staðsetningu Ásmundarstaðabúsins

Reykjagarður hf rekur alifuglabú með holdastofnum og kjúklingaeldi á Ásmundarstöðum í Ásahreppi á milli Þjórsár og Hellu, rétt sunnan megin við Þjóðveg 1. Stofnabúið er staðsett á Ásmundarstöðum, en kjúklingaeldi að Ásheimum. Næsti bæir í grennd eru Sel og Bólstaður norðvestanmegin og Berustaðir og Meiri-Tungu bæirnar suðaustanmegin. Fjarlægð milli stofnabúsins og kjúklingaeldis er um 600 metrar.

Á Ásmundarstöðum eru 20.200 stofnfuglpláss í 7 fuglahúsum og á Ásheimum 156.850 kjúklingapláss í 15 kjúklingahúsum.

### Rekstur og stjórnun

Reykjagarður hf rekur kjúklingafyrirtæki með allt frá, uppeldi holdastofna til sölu og dreifingu alifuglaafurðir til neytanda. Stofnabúið er á Ásmundarstöðum, en sóttkví og uppeldi innfluttra holdastofna er í Þrándarlundi, Gnúpverjahreppi, og að Svartagili í Norðurárdal í Borgarfirði. Kjúklingaeldi fer fram í eigin húsnæði á Ásmundarstöðum/Ásheimun, Ásahreppi, svo og í leiguhúsnæði í Hellnatúni í Ásahreppi, í Einholti í Biskupstungunum, á Krókum og Oddsmýri í Hvalfirði, að Tannstaðabakka í Hrutafirði og í Staðarbúinu í Grindavík. Einnig hefur Reykjagarður gert samstarfssamning um kjúklingaeldi við bændur á Vatnsenda í Flóahreppi og að Helluvaði á Hellu. Reykjagarður hf rekur einnig útungunarstöð, sláturhús og kjötvinnslu á Hellu auk framleiðslueldhús að Vesturhrauni 3 í Garðabæ.

Reykjagarður hf er í eigu Sláturfélag Suðurlands að fullu.

Í stjórn Reykjagarðs eru: Steinþór Skúlason formaður, Hallfreður Vilhjálmsson, Aðalsteinn Guðmundsson og Hjalti H. Hjaltason.

Framkvæmdastjóri er Matthías Hannes Guðmundsson.

Starfsmannafjöldi árið 2011 nam 103 manns, þar af 7-8 manns að Ásmundarstöðum.

### Starfsleyfi Reykjagarðs hf að Ásmundarstöðum

Starfsleyfi að Ásmundarstöðum er frá 23. september 2010 og gildir í 12 ár. Útgefandi starfsleyfis er Heilbrigðiseftirlit Suðurlands á Selfossi. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands annast reglubundið eftirlit með mengunarmál fyrirtækisins, en Matvælastofnun annast reglubundið eftirlit með aðbúnaði stofnafugla og kjúklinga samkvæmt reglugerð nr. 251/1995.

Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald fellur Ásmundarstaðabúið undir fyrirtækjaflokk 6.6a.

## Lýsing á framleiðsluferli

Á stofnabúi Reykjagarðs hf að Ásmundarstöðum koma stofnfuglar þegar þeir eru á þeim aldri að hefja framleiðslu á útungunareggjum. Stofnfuglarnir koma frá okkar sóttkvíum/uppeldi að Þrándarlundi eða Svartagili á þriggja mánaðar tímabili. Þegar kynþroski næst, hefst framleiðsla útungunareggja. Eggjin eru flutt í útungunarstöð Reykjagarðs hf á Hellu og þar eru klaktir út kjúklingaungar sem síðan eru fluttir í kjúklingaeldishús að Ásmundarstöðum og í önnur kjúklingaeldishús Reykjagarðs. Kjúklingar eru aldir í 33- 36 dagar áður en þeir eru fluttir til slátrunar í slátruhús Reykjagarðs hf á Hellu. Eftir vinnslu og pökkun er afurðum svo dreift og selt til neytenda í matvörubúðum, veitingastöðum osf.

Fóðrið sem fuglarnir éta, er aðkeypt frá fóðurverksmiðju Líflands að Grundartanga. Einnig hefur nokkuð magn af fóðri verið keypt af Sláturfélagi Suðurlands sem er flutt inn frá Danmörku. Fóðrið er fullfóður og er því ekki nauðsynlegt annað en ferskt vatn til viðbótar til þess að fullnægja næringarkröfum fuglanna. Aðföng svo sem spænis, eru hitameðhöndluð til þess að fyrirbyggja að smit berist í fuglana. Vegna þessara smitvarna eru spónabaggarnir pakkaðir í plast sem er fargað í gám sem Sorpstöð Suðurlands sækir reglulega og fargar á viðurkenndum stað eða sendir til endurvinnslu. Dauðir fuglar eru pakkaðir í plastpoka, settir í gám á svæðinu og loks urðaðir á Strönd.

Allur úrgangur er endurnýttur og er megnið af úrganginum fluttur af svæðinu. Flúðasveppir taka um 400 tonn á ári til moltugerðar, Landgræðsla ríkisins tekur um 900-1000 tonn á ári og bændur í nágrenni Ásmundarstöðum taka innan við 60-80 tonn á ári sem áburð.

## Umhverfisstefna Reykjagarðs hf

Reykjagarður hf vinnur í sátt við umhverfið og með sjónarmið umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.

Til að vinna að þeirri stefnu leggur félagið áherslu á:

- Að tryggja stöðugar úrbætur í umhverfisstjórnun og mengunaryörnum
- Að setja sér mælanlega umhverfismarkmið
- Að gæta sérstaklega að dýravelferð í framleiðslunni
- Að leitast við að nota innlenda og endurnýjanlega orkugjafa
- Að lágmarka notkun spilliefna og hámarka endurvinnslu og endurnotkun innan fyrirtækisins.
- Að lágmarka hráefnanotkun og úrgangsmýndun innan fyrirtækisins.
- Að hafa virkt rekjanleikakerfi vöru
- Að hafa viðurkennt gæðakerfi og eftirlit á vegum Matvælastofnunar (MAST)
- Að slátrufugl sé rannsakaður fyrir slátrun með tilliti til salmonellu og campylobacter mengunar
- Að búa yfir reynslu sem tryggir hámarksgæði og öryggi.

## Grænt bókhald og lykiltölur 2011 fyrir Ásmundarstaði

### Hráefni

Fóður	4.026.290 kg/ár
Kjúklingar	3.067.090 kg/ár
Stofnfuglar	959.200 kg/ár
Spænil	54.760 kg/ár
Orkugjafar	
Raforka	1.437.664 KWh/ár
Olía	65.906 lítrar/ár
Heitt vatn	194.960 m <sup>3</sup> /ár
Kalt vatn – drykkjarvatn og vegna þrifa	ótakmarkað – áætlað 8.050 m <sup>3</sup> /ár
Úrgangur – endurnýttur	Um 1500 tonn/ár

### Útstreymisblað 2011 – Mengunarefni skv. II viðauka (áætlaður tölur)

Nr. 1 – Methane (CH <sub>4</sub> )	874.000 kg/ár
Nr. 2 – Ammonia (NH <sub>3</sub> )	32.200 kg/ár
Nr. 84 – Particular matter (PM10)	5.660 kg/ár


## Umhverfisþættir

### Fráveituvatn

Fráveituvatn verður til þegar alifuglahús eru þrifa eftir að húsin eru tæmd. Þetta gerist að meðaltali í 1,1 skipti á ári fyrir stofnahúsin og í 7,0-7,5 skipti á ári í kjúklingaeldishúsunum. Fyrst er mokaður út allur úrgangur og sópað vel þar á eftir, síðan eru húsin grófskoluð með vatni, og þar á eftir sápuþvegin og sóttþreinsuð. Fráveituvatnið innan úr húsunum er leitt í lagnir sem endar í rotþróm sem eru teknar út og samþykktar af heilbrigðisstirlitinu. Salernisúrgangur úr starfsmannaáðstöðu liggur einnig í rotþrærnar og eru þær tæmdar reglulega. Regnvatn og annað yfirborðsvatn er leitt í skurði sem eru í kringum alifuglahúsin. Að okkar mati er það frekar lítil lífrænn úrgangur sem fer í fráveitukerfið því úrgangurinn er yfirleitt þurr og er sópað vel til að ná sem mestu úr húsunum áður en byrjað er að þrifa þau.

### Loftútblastur

Samkvæmt áætlun um rykmengun (particular matter) í útstreymisblaðinu er þetta magn áætlað 5.660 kg. Loftræsting alifuglahúsa þjónar þeim tilgangi að endurnýja súrefni, losa koltvísýring, ammoníak og hita. Þörf loftræstingar er mestur rétt fyrir slátrun kjúklingana og er á þessu tímabili mesta mengunin. Í fyrstu viku kjúklingaeldis er slökkt á loftræstingu. Í stofnhúsum er loftræstipörfin stöðugri, en minna á hvern m<sup>3</sup> en það sem gerist í kjúklingaeldi rétt fyrir slátrun. Að okkar mati er ryk vart sjáanlegt í stofnafuglahúsum, en það sést nokkuð í kjúklingaeldi síðustu dagana fyrir slátrun.



Fyrirtækið hefur verið að skoða hreinsibúnað sem hægt er að nýta til að takmarka útblástur. Ekki hefur fundist búnaður sem hentar og er okkur ekki kunnugt um að slíkur búnaður sé skilvirkur í kjúklingaeldi.

### **Úrgangur og spilliefni**

Megnið af úrgangi (spónablandaður skítur) er nýttur af Landgræslu ríkisins, Flúðasveppum og bændum sem jarðvegsbætandi efni. Einnig fellur til eitthvað af plasti, dauðum fuglum og annað tilfallandi. Þessi úrgangur fór á árinu 2011 til Sorpstöðvarinnar að Strönd við Hellu.

Litið fellur til af spilliefni almennt í alifuglaeldi að Ásmundarstöðum.

### **Niðurstaða**

Í þessara skýrslu er lýst helstu ferlum sem snúa að starfsemi fyrtekisins að Ásmundarstöðum. Við leggjum kapp á að framleiða kjúklinga samkvæmt bestu framleiðsluháttum sem völ er á og standast allar kröfur sem gerðar eru til aðbúnaðar alifugla.